

Nd.

796. Nefndarálit

[286. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Efni frumvarpsins er það að ríkið taki að sér að innheimta félagsgjöld fyrir samtök iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra iðnrekenda og Iðnaðardeild SÍS (auk þess sem efri deild Alþingis bætti Sölustofnun lagmetisiðnaðarins í hópinn). Ég tel algerlega fráleitt, að ríkið taki að sér innheimtustörf af þessu tagi og legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1975.

Magnús Kjartansson.